

Fréttapistill frá forseta Íslands

15. mars 2020

Kæru landsmenn: Þrátt fyrir okkar erfiðu daga þurfum við að halda okkar striki eftir föngum – eða kannski einmitt vegna þess andstreymis sem mætir okkur núna. Því kemur hér reglulegur vikupistill þótt vissulega verði hann í styttra lagi og beri þess glögg merki að við lifum nú í skugga veirunnar. Þegar þetta er skrifað liggja þrír á sjúkrahúsi hér, sýktir af henni. Ég sendi þeim og öðrum sem hafa veikst mínar bestu batakveðjur. Einnig bendi ég á upplýsingasíðuna nýju, www.covid.is.

Það var fyrir rétttri viku, sunnudaginn 8. mars, að ég sótti síðast opinberan viðburð. Mér hlotnaðist þá sá heiður að flytja stutt ávarp við upphaf aðalfundar Samtakanna '78. Ég ræddi þar um mikilvægi umburðarlyndis og fjölbreytni í öflugum samfélagi og nefndi auðvitað einnig þann vágast sem við er að etja um þessar mundir. Margir félagar samtakanna muna vel eftir annarri óáran, HIV-veirunni skæðu sem komst á kreik undir lok síðustu aldar. Hún greinist enn meðal fólks en nú ráða vísindin við hana. „Saman getum við yfirbugað veiruna“, segir á forsíðu félagsins HIV-Ísland. Megi þau orð vera okkur hvatning nú sem endranær.

Vísindin ráða hins vegar ekki alltaf við fordóma, tortryggni og ótta. Því er líka ráð að rifja upp þessi orð úr fyrstu stefnuskrá Samtakanna '78 – orð um víðsýni og visku: „Þekkingin er eign samfélagsins alls. Hún leysir úr fjötrum fáfræði og hindurvitna. Hún þokar vanþekkingunni brott svo að hún á ekki afturkvæmt, því að af þekkingu leiðir skilning. Á öllum sviðum þjóðlífsins ríkja babiljur og hleypidómar, skapa það og móta, uns þekkingin berst. Aldrei hefur hún borist viðstöðulaust, hún krefst athafna og atorku þeirra er yfir henni búa og geta miðlað henni.“

Út vikuna voru fyrirhugaðir fjölmargir viðburðir sem mér hafði verið boðið á en var frestað eða aflýst. Ég sendi þeim, sem þurftu að taka erfiða ákvörðun af því tagi, góðar kveðjur. Við hittumst hress síðar!

Í fyrradag tókum við Eliza með glöðu geði þátt í skimum fyrir kórónuveirunni í útibúi Íslenskrar erfðagreiningar í Kópavogi. Þegar við komum þangað eftir hádegi var búið að bæta úr framkvæmd þar þannig að starfslið tók á móti okkur og leiddi okkur sérstaka leið á áfangastað. Gott var að geta vakið athygli á þessu frábæra framtaki sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og má vel vera að niðurstöður skimunarinnar nýtist fleirum en okkur sjálfum á þessu landi.

Sjálfsagt er að geta þess að í kvöld fengum við hjón þau tíðindi að við erum ekki með COVID-19 sjúkdóminn. Um leið vorum við minnt á þau sannindi að sú niðurstaða útiloki ekki að við fáum sjúkdóminn síðar. Við þurfum öll að vera á verði núna.

Og lífið heldur áfram. Lóan er komin, það voru gleðitíðindi mitt í öllum okkar veirufregnum. Í hugann koma hin fallegu og sígildu vísuorð Páls Ólafssonar frá árinu 1875. Látum þau létta okkur lund og blása okkur bjartsýni í brjóst:

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.

Hún hefur sagt mér, að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefir sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefir sagt mér að vakna og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Myndin að neðan er tekin á indælum laugardagsmorgni á Álftanesi. Nú sem aldrei
fyrir er útvíst og hreyfing holl þeim sem hafa tök á að vera utan dyra. Megi ykkur
öllum farnast vel, kærur landsmenn.